

TILLAGA UM MANNRÉTTINDI Í STJÓRNARSKRÁ

GUÐMUNDUR ALFREÐSSON

Tí pessari grein er lögð fram tillaga um nýjan upphafskafla íslenzku stjórnarskrárinna. Tillagan snýst aðallega um mannréttindi, og hún hvílir á þjóðréttarlegum skuldbindingum ríkisins. Hugmyndir um stjórnfestutengingar koma einnig fram. Mannréttindareglur og stjórnfestusjónarmið njóta síaukins vægis í allþjóðasamkiptum, í takt við vaxandi eftirlit með framkvæmd þeirra. Lærdómur frá löndum, þar sem lýðræði hefur ýtt til hliðar gömlum stjórnarháttum á síðustu árum og áratugum, rennir frekari stoðum undir tillöguna. Sérhvært ríki, sem myndi tileinka sér hana, myndi vera í fararbrotti framfaraþróunar.

Ríkið er til fyrir þjóðina, ekki þjóðin fyrir ríkið eins og stundum virðist liggja í loftinu, þegar fjallað er um ríkisstofnanir og stjórnarfyrirkomulag. Það er því í alla staði eðlilegt og æskilegt, að grundvallarákvæði um mannréttindi birtist fremst í stjórnarskránni og komi á undan stofnanaköflum hennar. Þessi staðsetning er í samræmi við samtímaáherzlur og eftir henni er farið í nýjum textum, eins og t.d. stjórnarskrá Suður-Afríku.

TILLAGAN

Í staðinn fyrir upptalningu réttinda og frelsisákvæða er lagt til, að upphafskafli stjórnarskráinnar verði stuttur og laggður og innihaldi aðeins tvær greinar, sem gætu hljóðað svo:

1. grein:

Ísland er sjálfstætt og fullvalda lýðræðis- og réttarríki. Löggjafar-, framkvæmda- og dómsstofnanir skipta með sér ríkisvaldinu. Dómarar, saksoknarar og umboðsmaður Alþingis skulu vera sjálfstæðir og óháðir löggjafar- og framkvæmdavalldinu.

2. grein:

Mannréttindareglur njóta stjórnarskrárverndar, þegar þær eru þjóðréttarlega skuldbindandi fyrir íslenzka ríkið samkvæmt staðfestum milliríkjasamningum.

GREINARGERÐ

Upptalningin á hefðbundnum réttindum og frelsisákvæðum í núgildandi stjórnarskrá er alllong og alls ekki slæm. Hún er samt langt frá því að vera tæmandi og reyndar harla fátækleg í samanburði við alþjóðlegar og svæðisbundnar mannréttindareglur um borgara-, efnahags-, félags-, menningar- og stjórmálaleg réttindi, sem Ísland hefur gengizt undir með staðfestingu fjölmargra milliríkjasamninga.

Með þessum tveimur greinum, þótt stuttar séu, myndi Ísland falla í hóp fyrir myndarríkja, að því er varðar lagaramma fyrir ríkisvaldið. Stjórnarskrárbinding alþjóðlegra reglna um lýðræði, mannréttindi og eftirlit með framkvæmd þeirra myndi þýða stórt skref í átt að samfélagi, þar sem er hægt að virða þjóðarviljann á grundvelli lögfestu,¹ heiðarleika og sanngirni.

¹ Lögfesta er þýðing á „rule of law“ í samræmi við stjórnfestu, sem stendur fyrir „good governance“, og stjórnarskrárfesta, sem stendur fyrir „constitutionalism“. Síðastnefndu þýðinguna er að finna í grein Ágústa Þórs Árnasonar, „Stjórnarskráfesta: grundvöllur lýðræðisins“ í *Skári*, 173. árg., haustið 1999, bls. 467–480.

Alþjóðlegu heimildirnar

Sameinuðu þjóðirmar,² Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO), Alþjóðahugverkastofnunin (WIPO), Evrópuráðið og önnur alþjóðleg og svæðabundin milliríkjasamtök hafa samþykkt fjölmarga samninga um mannréttindi.³ Samningarnir skipta nokkrum hundruðum, þegar allt er talið, og innihaldið hlýtur að vera af hinu góða, því að íslenzka ríkið og önnur ríki hafa staðið að og náð viðtækri samstöðu um gerð og afgreiðslu allra þessara samninga. Íslenzka ríkið hefur staðfest allverulegan hluta þeirra.

Tillagan nefnir ekki alþjóðlegan venjurétt og grundvallarreglur laga sem við-eigandi réttarheimildir til viðbótar við milliríkjasamninga, þótt færa mætti rök til stuðnings þeim, þar sem þessar heimildir eru viðurkenndar og bindandi að þjóðarétti.⁴ Vandamálið er réttaróvissa, þar sem erfitt getur verið að benda á og ná sammæli um, hvaða reglur hafa hugsanlega öðlast óskráð samþykki í alþjóðasamfélaginu. Pað reynir helzt á þetta atriði í tengslum við brotaríki, þegar Alþjóðamannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna og öðrum textum er beitt til eftirlits í staðinn fyrir samninga, sem viðkomandi ríki hafa ekki staðfest.

Samsplil landsréttar og þjóðaréttar

Það er mismunandi eftir ríkjum, hvort þjóðréttarskuldbindingar ríkjanna gilda að landsrétti. Í ríkjum, sem aðhyllast svokallað eineðli⁵ landsréttar og þjóðaréttar (móniði), eins og t.d. í Bandaríkjunum, gilda þjóðréttarreglur sem væru þær landsréttur. Venjuleg löggjöf víkur því fyrir yngri þjóðréttarreglu.

Í öðrum ríkjum, eins og t.d. á Norðurlöndunum, þar sem ráða tvífeðlissjónarmið (dúalismi), hefur landsrétturinn að jafnaði forgang, þar til stjórnskipuleg ákvörðun hefur verið tekin um annað. Ef frá eru taldir möguleikarnir á túlkunar-aðferðum og fyllingum í lagaeyður, gildir þjóðréttarregla ekki að landsrétti og íbúarnir geta ekki nýtt sér hana, fyrr en eldri lagareglur hafa verið aðlagðar að

² Um réttarheimildir, efni þeirra og eftirlitsaðferðir á vegum Sameinuðu þjóðanna, sjá grein Guðmundar Alfreðssonar og Jakobs P. Möller, „Mannréttindastarf Sameinuðu þjóðanna“ í *Útflyóti*, 49. árg., 3.–4. tbl., 1996, bls. 225–274. Greinin var sérprentuð í ritröð Mannréttindaskrifstofunnar, nr. 2, 1997.

³ Mannréttindasáttmáli Evrópusambandsins var samþykktur sem yfirlýsing í Nizza í desember 2000, og á grundvelli hennar verður eflaust unnið að samningsgerð á komandi árum. Í sáttmálanum eru athyglisverð nýmæli um m.a. stjórnfestu og ýmsa málaflokkka tengda erlðafræði, líffræði og læknisfræði, sem eiga erindi inn í íslenzku umræðu.

⁴ Sbr. 36. grein Samþykktta Alþjóðadómstólsins.

⁵ Þetta orðalag er notað í grein Stefáns Máss Stefánssonar, „Um þörf á lögfestingu þjóðréttarsamninga“, *Skýrsla umboðsmanns Alþingis fyrir árið 1988*, Reykjavík 1989, fylgiskjal 1.

henni (transformation) eða viðkomandi ákvæði hafa verið lögleidd (incorporation) og birt sem landsréttur í dyalarlandinu. Hið sama gildir um venjureglur og aðrar réttarheimildir þjóðaréttarins.

Margt hefur verið álitíð ólíkt með réttarkerfunum tveimur samkvæmt hefðbundinni skiptingu tvíeðlisaðferðarinnar:

- í landsrétti eru heimildirmar aðallega löggjöf en í þjóðaréttinum fyrst og fremst millirkjasamingar;
- löggjafarvaldið í landsrétti hvílir hjá þjóðþingum, en í þjóðaréttinum fer starfið fram í tvíhlíða eða fjöhlíða ríkjasamskiptum, þar sem framkvæmdavaldið er oftast í forsvari fyrir einstök ríki;
- aðilar landsréttar eru fyrst og fremst einstaklingar og lögpersónur en í þjóðaréttinum aðallega ríki og alþjóðastofnanir;
- aðferðir og efnisinnihald réttarkerfanna hafa líka verið aðskilin í samræmi við hagsmuni og þarfir aðilanna; og
- í landsrétti er eftirlitið með framkvæmd reglnanna í höndum löggreglu, sak-sóknara og dómstóla, en í þjóðaréttinum er það aðallega í höndum alþjóðastofnana, þar sem deilumál ber að leysa eftir lagaleiðum, en á stundum ráða stjórnmála- og önnur hagsmunasjónarmið ferðinni.

Landsréttur og þjóðaréttur eru sem sagt að mestu aðskildir í ríkjum með tvíeðla réttarkerfi. Dómstólar geta víða haft þjóðaréttinn til hliðsjónar við túlkun á landsréttinum, en það dugar skammt, ef efnisákvæði stangast á. Tvíeðlisríkjumunum ber þjóðréttarleg skylda til að vernda alþjóðlegu efnisreglurnar í landsrétti,⁶ hvort heldur sem er með aðlögun löggjafar, lögleiðingu eða öðrum hætti. Niðurstöður eftirlitsaðila á vegum alþjóðastofnana fá ekki heldur sjálfkrafa réttargildi að landslögum, ekki heldur úrlausnir dómstóla, sem kveða upp dóma sem eru bindandi að þjóðaréttinum.

Pessi hefðbundna tvíeðlisskipting réttarkerfanna tveggja hefur raskazt mikið á síðustu árum og bilið fer sem betur fer minnkandi, að því er varðar hinar alþjóðlegu mannréttindareglur. Ýmsar millibilsleiðir eru í umferð. Sum nýfriðals ríki og ríki, sem eru að innleiða leikreglur lýðræðisins, hafa viðtekið stjórnarskrarákvæði pess efnis, að hinar alþjóðlegu mannréttindareglur öðlist gildi sem lög og njóti jafnvel verndunar umfram venjuleg lög.

Alþjóðlegar væntingar um lögleiðingu millirkjasamninga fara að sama skapi vaxandi. Íslenska ríkið hefur enn sem komið er einvörðungu lögleitt Mannréttinda-

⁶ Það er ofstlega tekið fram í millirkjasamningunum, að ríki beri að tryggja mannréttindin með löggjöf, sbr. t.d. 2. grein Alþjóðasamningsins um borgara- og stjórnmálaþeg réttindi.

samning Evrópuráðsins,⁷ en nýlega hefur Mannréttindasamningsnefndin mælt með því eftir skoðun á síðustu skýrslu Íslands um framkvæmd Alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórmálaleg réttindi, að hann verði lögleiddur hérlandis. Noregur hefur þegar gengið lengra og lögfest helztu samninga Sameinuðu þjóðanna.

Það er enn fremur tiltölulega nýleg afleiðing hinna alþjóðlegu mannréttindareglna, að einstaklingar og í sumum tilfellum hópar einstaklinga hafa öðlast takmarkaða aðild að þjóðaréttinum, þ.e.a.s. þeir njóta réttinda, bera skyldur og eiga réttarfarslegan aðgang. Með tilkomu alþjóðlegs sakamálaréttar geta saksóknarar og dómstólar á vegum Sameinuðu þjóðanna í ríkara mæli sótt mál gegn einstaklingum.

A mannréttindasviðinu stefnir því þróunin að allsherjareineðli, þótt hægt miði. Kanske verður tilefni til þess að halda því fram, þegar fram líða stundir, að mannréttindin hvíli á heimrsrétti (world law) frekar en þjóðarétti (public international law). Allt byggist þetta á raunverulegri framkvæmd samninganna, og hún verður bezt tryggð í stjórnarskrá.

Efnisreglurnar

Umfang mannréttinda í nútímanum er anzi vítt og breitt, eins og efni milliríksjamninganna ber vott um. Það leikur líttill vafi á því, að mannuðarréttur, flóttamannaréttur, reglur um réttindi vinnandi fólks og aðstæður á vinnustað, hugverkaréttur og alþjóðlegur sakamálaréttur falla að hluta eða öllu leyti undir mannréttindahattinn.

Samningsreglurnar um borgaraleg og stjórmálaleg réttindi eru algildar, og staðfestingarríkin eiga að framkvæma þær strax og undanbragðalaust. Aðeins tilgreindar undantekningar eru leyfðar, og þær ber að nefna í lögum. Einsflokkar- og einræðisríki setja iðulega fram kröfur um varnagla, t.d. um skyldur eða sérstöðu, sem hafa þann tilgang helztan að grafa undan algildinu og skapa réttlætingar eða afsakanir fyrir brotum gegn alþjóðareglunum. Allar slíkar tilraunir til að vega að algildinu ber að varast.

Reglurnar um efnahags-, félags- og menningarlégu réttindin eru líka algildar, en orðalag og tilætluð verndun eru oft á tifðum ekki eins markviss. Ákvæði um réttinn til vinnu⁸ og réttinn til félagslegs öryggis eru að verulegu leyti stefnumarkandi og ekki í heild fallin til dómstóla- eða kærumeðferðar, eins og samn-

⁷ Í grein „Um lögfestingu mannréttindasamnings“ í *Tímanum*, 26. janúar 1994, bls. 5, bentí ég á ýmsa tæknilega vankanta á því, hvernig íslenzka ríkið stóð að lögleiðingu Evrópusamningsins.

⁸ Sbr. 6. grein Alþjóðasamningsins um efnahags-, félags- og menningarleg réttindi og Samning Alþjóðavinnunumálastofnunarinnar nr. 122 frá 1964 um atvinnustefnu (Convention concerning Employment Policy).

ingsákvæðin standa í dag, hvorki að landsrétti né þjóðarétti. Í öllum stefnumótunarreglum af þessu tagi felst samt efnislegt innihald. Jafnræðisreglan og bannið við mismunun í 2. og 3. grein Alþjóðasamningsins um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi eru afdráttarlaus. Ákveðnir þættir aðrir, eins og tilteknar málsgreinar í 6.-8. og 13. grein í samningnum, eru einnig settir fram á afgerandi hátt.

Á alþjóðavettvangi eru áform uppi um að efla mörg þessara efnahagslegu, félagslegu og menningarlegu réttinda og eftirlitið með þeim, sbr. áætlanir þar að lútandi í lokayfirlýsingu heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi í Vínborgar árið 1993. Það hefur kannske takmarkað gildi að stjórnarskrárbinda stefnuyfirlýsingar, en það er enn vafasamara að ætla stjórnámalonnum að velja og gera upp á milli alþjóðaákvæðanna, þegar að lögleiðingu kemur. Að auki uppfyllir íslenzka ríkið sennilega margar eða flestar reglnanna í reynd.

Alþjóðareglurnar um mannréttindi eru lágmarksreglur. Ef þær skyldu ekki ganga nógu langt fyrir landann nú eða seinna, má alltaf bæta stjórnarskrárváendum um aukin réttindi við innlenda réttindakaflann. Því miður hefur 78. grein lýðveldissjórnarskrárinna verið felld niður, en þar var mælt fyrir um, að sérréttindi bundin við aðal, nafnbætur og lögtign mætti ekki taka í lög. Petta fyrir-myndarákvæði á sér ekki hliðstæðu í alþjóðasamningunum, þótt það sé skylt en ekki endilega samfara jafnréttisreglunni eins og hún er skýrð sums staðar í útlöndum. Aðrar þvílfkar spurningar, þar sem afgerandi samningsákvæði eru ekki til staðar, varða þjóðkirkju, þjóðaratkvæði og ýmsa þáttu velferðarríkisins.⁹

Sjálfstætt og fullvalda ríki

Sjálfstæðis og fullveldis er getið strax í upphafi tillögunnar, enda er þar að mörgu leyti um að ræða innri og ytri forsendur þess, að einstaklingar fái notið mannréttindanna. Í lýðræðisríki okkar á stjórnarskráin að standa sem vörður til að gæta þess, að vilji þjóðarinnar sé virtur, bæði að því er varðar gæzlu fullveldis og sjálfstæðis og val löggjafa og ríkisstjórnar.

Ofangreind tillaga um að setja alþjóðlegu mannréttindareglurnar í upphafskafla stjórnarskrárinna stangast hvorki á við sjálfstæði né fullveldi, þar sem samningsvinna og staðfestingarvald munu sem áður hvíla hjá löggjafar- og framkvæmdavaldu. Fyrirvarar að þjóðarétti geta og komið í veg fyrir gildistöku

⁹ Um þessi og önnur möguleg efnisatriði fjalla ég í greininni „Hugleiðingar um mannréttindi í stjórnarskrá“ í *Mannréttindi í stjórnarskrá*, Mannréttindaskrifstofa Íslands, rit nr. 1, 1994, bls. 11-17.

efnisákvæða að landsrétti. Ríki getur gert formlega fyrirvara við milliríkjasamninga, þegar þeir eru staðfestir, nema annað sé tekið fram í samningi eða fyrirvarinn brjóti í bága við höfuðmarkmið samnings.

EKKI ER ÁSTÆÐA TIL AÐ GETA UM SJÁLFSÁKVÖRÐUNARRÉTTINN, ÞAR SEM VIÐ HÖFUM ÞEGAR NOTIÐ HANS. Fullveldið er miðað við 1918 og sjálfstæðið kom til sögunnar 1944, þegar við nýttum okkur réttinn til fulls. Það má halda því fram, að Íslendingar hafi verið fyrstir eða í hópi fyrstu þjóða heims til að nýta sér þennan rétt í nútímaskilningi og að við höfum þannig rutt brautina til lögbundins hruns nýlenduvelda vesturheims. Óbeint er samt ástæða til að hafa þennan rétt í huga í sambandi við æskilegt stjórnarskrárákvæði um þjóðaratkvæði til samþykktar á afsali sjálfstæðis og fullveldis, t.d. við hugsanlega aðild að yfirþjóðlegum milliríkjastofnunum.

Á annað hundrað þjóðir hafa nýtt sér sjálfssákvörðunarréttinn til sjálfstæðis og fullveldis á síðustu áratugum, og aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna á enn eftir að fjölgja. Hann er nú löghelgaður í þjóðaréttinum, a.m.k. til afnáms nýlenduhalds. Færeyingar og Grænlendingar eru meðal þeirra þjóða, sem hafa ekki enn átt þess kost og eiga eftir að njóta þessa réttar.

Lýðræðisríki

Lýðræðið á einnig erindi í fyrstu setningu tillögunnar. Í Stofnskrá Evrópuráðsins er lýðræðið talið meðal inngönguskilyrða fyrir aðildarríki. Í 21. grein Alþjóðamannréttindafirlýsingar Sameinuðu þjóðanna frá 1948 segir, að stjórnvöld skuli byggja á þjóðarviljanum. Í 25. grein Alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórn-málaleg réttindi og í 1. grein fyrsta viðauka Mannréttindasamnings Evrópuráðsins er mælt fyrir um reglubundnar, leynilegar kosningar.

Fjölmörg mannréttindi eru nauðsynleg lýðræðisferlinu, og flest þeirra eru rammlega vernduð í alþjóðasamningunum. Málfrelsíð og upplýsingafrelsíð ná til stjórmálaumræðu og fréttatflutnings og umfjöllunar fjölmíðla, fundafrelsíð nær til stjórmálasamkoma og götumótmæla, og félagafrelsíð nær til stjórmála-flokka, verkalýðsfélaga og hagsmunasamtaka.

Réttarríki, lögfesta og sjálfstæðir dómstólar

Hér verður ekki fjallað um skilgreiningar á hugtökunum réttarríki og lögfesta eða um nauðsyn þess, að dómstólar, saksóknarar og umboðsmaður (eða umboðsmenn) Alþingis séu sjálfstæðir og óháðir í störfum sínum. Auk ákvæða í milli-

ríkjjasamningum eru til viðmiðunarreglur frá Sameinuðu þjóðunum um þessu málaflokka.¹⁰

Réttaröryggissjónarmiða myndi þurfa að gæta með birtingu tilheyrandi milliríkjjasamninga í viðauka við stjórnarskrána. Þetta veldur því ennfremur, að tilvísanir til venjureglna eiga varla heima í stjórnarskrá. Að því er varðar tilvísanir til lýðræðis og þrískiptingar ríkisvaldsins yrðu eftirsarandi stofnanakaflar stjórnarskráinnar að sjálfsögðu að falla efnislega í sama farveg og upphafsgreinarnar.

Stjórnfestan

Stjórnfestan er efnislega nátengd mannréttindum og lýðræði, og viðmiðunarreglur alþjóðlegra fjármála- og þróunarstofnana um stjórnfestuna eiga margt sameiginlegt með hinum alþjóðlegu mannréttindareglum, sem með margvíslegum hætti ná til stjórnslunnar og góðra stjórnarháttu.¹¹ Stjórnfestan er hins vegar ekki enn skráð í milliríkjjasamninga á sama veg og mannréttindin.

Greiður aðgangur að stjórnsluupplýsingum og öðrum opinberum gögnum tengist greinilega upplýsingafrelsunu. Stjórnunarábyrgð krefst sjálfstæðra, óháðra og virkra dómstóla, saksóknara og umboðsmanns. Spilling, þar sem mítur, flokkshollusta eða fjölskyldutengsl ráða afgreiðslu mála, leiðir til mismununar og býður heim brotum á jafnræðisreglunni. Heiðarleiki í stjórnálum útheimtil skyldu til að upplýsa um fjármál stjórnálaflokka.

Að þessum grunni væri freistandi að bæta 3. greininni við tillöguna um hugsanlegan upphafskasla stjórnarskráinnar: „Viðmiðunarreglur stjórnfestunnar um ábyrgðarhluta, gegnsæi, upplýsingaaðgang og bann við spillingu skulu ávallt hafðar til hliðsjónar við túlkun landsréttar.“ Þetta er a.m.k. ágætt umhugsunarefni, og hvað sem öðru líður tilefni ístarlegrar lagasetningar.

¹⁰ „Basic Principles on the Independence of the Judiciary“, „Guidelines on the Role of Prosecutors“ og „Principles relating to the Status of National Institutions for the Promotion and Protection of Human Rights“ í ályktunum Allsherjarþingsins nr. 40/146 frá 1985, 45/166 frá 1990 og 48/134 frá 1993. Meðal innlendra höfunda, sem hafa sjallað um hin vinsælu viðfangsefni réttaríki og lögfestu, eru Gardar Gíslason, „Hvað er réttaríki og hverjir eru kosti þess?“ í *Túmarit lögfræðinga*, 33. árg., 2. hefti, 1983, bls. 66–72; og Ágúst Þór Árnason, „Retsstat eller hvem skal have interpretationsmonopol på forfatningen“, óprentað erindi, haldið á þingi Norræna sumarháskóla í Tromsø, Arendal, Noregi, 1. ágúst 1996.

¹¹ Um heimildir og innifik stjórnfestunnar ásamt samanburði við mannréttindin, sjá grein Guðmundar Alfreðssonar og Herdfsar Þorgeirs Þórssonar og mannréttindin í *Afmaelisriti Pórt Vilhjálmsson sjötugur*, Bókaútgáfa Orators, 2000, bls. 197–208. Sjá einnig tilvitnun í 4. neðanmálgrein að ofan til Mannréttindasáttmála Evrópusambandsins, þar sem er athyglisvert nýmæli um stjórnfestuna.

NIDURLAGSORÐ

Ýmsir kostir fylgja tillögunni, sem hér hefur verið lýst. Lögleiðing einstakra millirkjasamninga á mannréttindasviðinu yrði óþörf. Þeim ríkjum fer fjölgandi, sem í stjórnarskrá veita alþjóðlegum heimildum landsréttargildi, enda um að ræða beina og greiða leið til að tryggja framkvæmd reglnanna í reynd. Fordæmisgildi stjórnarskrárverndaðra alþjóðareglna gagnvart umheiminum yrði ótvíráett og eftir því tekið um allan heim. Önnur lönd myndu fyrr eða síðar fylgja í kjölfarið.

Engir augljósir gallar fylgja tillögunni. Stefnumarkandi textar myndu einvörðungu gilda sem slíkir og ekki stofna til beinna réttinda nema í tengslum við jafnréttisregluna. Alþjóðlegir eftirlitsaðilar, eins og t.d. Mannréttindadómstóll Evrópuráðsins, myndu eftir sem áður geta lagt mat á frammistöðu íslenzkra stjórnvalda, og túlkun reglnanna af til þess bærum alþjóðastofnunum myndi halda áfram að móta innihald þeirra, eins og raun ber vitni um þegar í dag. Gæta þyrfti betur að þýðingu og birtingu dóma og annarra niðurstaðna af því tagi en nú er gert.

Efnið er viðamikið og greinargerðin stutt. Það er samt von höfundar, að tillagan geti orðið tilefni nýrrar og ferskrar umræðu um mannréttindi í stjórnarskrá Íslands.